

100. fundur

Fundur í skólaráði Fossvogsskóla haldinn mánudaginn 14. febrúar 2022 kl. 15:00

Mætt eru: Halla Gunnarsdóttir, Gísli Sigurðarson, Helena Róbertsdóttir, Unnur Björnsdóttir, Karl Óskar Þráinsson, Katrín Barkardóttir, Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, Árni Freyr Thorlacius Sigurlaugsson.

Fundurinn fór fram á Teams.

Dagskrá:

Fundargerð síðasta fundar.

Skóladagatal 2022-2023.

Fundir Skólaráðs.

Vorhátíð Fossvogsskóla, Neðstalands og FFF.

Önnur mál.

- Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.
- Skóladagatal fyrir skólaárið 2022-2023 skoðað. Lagt drög að skipulagsdögum, foreldradögum og skertum dögum.
Hugmyndir að skipulagsdögum voru: 4. október, 18. nóvember (sameiginlegur með skólahverfinu), 3. janúar (sameiginlegur), 25. janúar, 10. maí (sameiginlegur í borginni). Foreldradagar voru settir á 12. október og 7. febrúar.
20. desember eru jólaskemmtanir.
22. febrúar er Öskudagur sem er skertur.
Hugmynd að 24.-28. apríl verði hjóladagar.
Skertir dagar verði: Skólasetning 22. ágúst, foreldradagur 12. október, jólaskemmtanir 20. desember, foreldradagur 7. febrúar, Öskudagur 22. febrúar, 31. mars, þrjú þemadagar í maí-júní, skólaslit 7. júní. Samþykkt að skólastjóri sendi drög að skóladagatali til starfsfólks skólans.
- Samþykkt að fundir skólaráðs verði þriðji miðvikudagur í mánuði kl. 15:00-16:30.
- Vorhátíð Fossvogsskóla, Neðstalands og FFF verður að loknum skólaslitum 3. júní. Vorhátíðarnefnd er skipuð Unni Björnsdóttur, Karli Óskari Þráinssyni og Herborgu Ingvarsdóttur fulltrúum foreldra, Katrínu Bjarkadóttur frá Neðstalandi og Gísla Sigurðssyni og Árna Frey Thorlacius Sigurlaugssyni frá Fossvogsskóla. Karl mun boða til fundar í næstu viku.

Önnur mál:

- Ærslabelgur. Í rafrænni kosningu um Betri Reykjavík hlaut hugmynd um ærslabelg í Fossvoginum kosningu. Hugmynd kom upp að hafa hann á skólalóð Fossvogsskóla. Ráðið sá ýmsa kosti við að fá ærslabelg á skólalóðina en telur að ekki séu forsendur til að samþykkja staðsetningu á skólalóð á meðan framkvæmdir eru enn á húsnæði skólans. Skólastjóri tók að sér að koma þeim boðum áfram.

- Húsnæðismál. Stefnt er að því að framkvæmdum við Austur- og Vesturland ljúki fyrir skólabyrjun í ágúst. Verið er að setja upp girðingu í kringum skólann. Sett verður upp hlið að norðanverðu þannig að hægt verður að ganga að Útlandi þar sem Neðstaland hefur aðsetur.
- Heimilisfræðistofan í Korpuskóla verður tekin í notkun á ný á morgun 15. febrúar en unnið hefur verið að viðgerðum þar í nokkrar vikur.

Fundarpunkta tók Árni.